

Truenorth Nordic
Fiskislóð 31a
101 Reykjavík

Reykjavík, 19. apríl 2023
UST202304-019/B.V.B.
09.04.00

Efni: Leyfi fyrir ljósmynda- eða kvikmyndatöku á friðlýstum svæðum

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Truenorth Nordic, dagsett 3. apríl 2023, um leyfi til kvikmyndatöku innan Dyrhólaeyjar, Reykjanesfólkvangs og Gjáinn í Þjórsárdal.

Dyrhólaey er friðlýst sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 101/1978](#). Óheimilt er að trufla dýralíf á svæðinu. Mannvirkjagerð og jarðrask er óheimil nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Samkvæmt 4. kafla í [stjórnunar- og verndaráætlun](#) náttúruvættisins er ekki leyfilegt að lenda þyrlum og flugvélum innan friðlandsins og notkun fjarstýrðra lofffara s.s. flygilda er einnig bönnuð, nema með leyfi frá Umhverfisstofnun. Jafnframt skal leita leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, truflun á dýralífi eða upplifun gesta innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar og samkomuhalds skv. stjórnunar- og verndaráætlun náttúruvættisins

Hjálparfoss, Gjáin og Háifoss og Granni eru friðlýst sem náttúruvætti sbr. [auglýsing nr. 110/2020](#). Óheimilt er að spilla gróðri, öðrum en framandi tegundum, eða trufla dýralíf af ásetningi innan verndarsvæðisins. Afla skal leyfis Umhverfisstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem hafa í för með sér hættu á jarðraski, truflun dýralífs eða truflun umferðar um svæðið innan verndarsvæðisins, s.s. vegna kvikmyndagerðar, viðburða og samkomuhalds. Notkun fjarstýrðra lofffara er óheimil í náttúruvættunum nema að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar. Óheimilt er að lenda þyrlum innan náttúruvættis nema með sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar. Að öðru leyti skal farið eftir almennum reglum um flug.

Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. [auglýsing nr. 520/1975](#). Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Samkvæmt 4. mgr. 17. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum er óheimilt að þeyta flautur, fljúga flugvélum eða vera með annan hávaða að óþörfu í grennd við fuglabjörg.

Lýsing verkefnis:

Myndað yrði frá hafi að klettum í Dyrhóley þann 21. apríl 2023. Í Reykjanesfólkvangi færi flugið einnig fram yfir sjó þar sem myndað yrði frá hafi að klettum í Hælsvík þann 20. apríl 2023. Flogið yrði yfir Gjáinna í Þjórsárdal þann 19. apríl 2023. Kort sem sýnir flugleiðir fylgdi með umsókn. Ekki yrði lent innan friðlýstra svæða milli fluga. Myndað yrði í 10-20 min og svo færi vélin frá. Áætlað er að gera 3 flug í mismunandi ljósi yfir daginn. Stefnt er að því að mynda snemma að morgni og seint að degi. Ekki er þörf á að takmarka umferð annara um svæðin meðan flug fer fram í Dyrhólaey og við Hælsvík. Í Gjánni í Þjórsárdal yrði hugsanlega að

takmarka umferð í 2-3 klst að morgni. Flughæð er áætluð 3000 fet og niður í lögbunda lágmarksflughæð. Á jörðu niðri koma 3 starfsmenn að tökunum.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni líklegt til að hafa tímabundin neikvæð áhrif á dýralíf á svæðinu. Stutt er í að varp hefjist og lífríki á svæðinu því viðkvæmt fyrir truflunum. Umhverfisstofnun metur að sé farið eftir skilyrðum leyfis, forðast að nálgast svæði á miklum hraða, flughraða haldið í skefjum, flughæði virt og flugtíma haldið innan viðmiðunarmarka sé hægt að draga úr neikvæðum áhrifum verkefnisins á fuglalíf. Gestir svæðana geta jafnframt orðið fyrir tímabundnum truflunum á meðan flug fer fram en sé farið eftir skilyrðum leyfis er hægt að draga úr þeim.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun metur út frá upplýsingum umsækjanda og þeim reglum sem gilda um Reykjanesfólkvang sbr. auglýsing um friðlýsingu að verkefnið sé ekki leyfisskylt af hálfu stofnunarinnar innan svæðisins þar sem ekki er verið að takmarka umferð um svæðið, flugleið utan marka fólkvangsins og reglum um flughæð í reglugerð nr. 770/2010 um flugreglur fylgt.

Umhverfisstofnun veitir Þór Kjartansson fyrir sitt leyti leyfi fyrir kvikmyndatöku á þyrlu innan Dyrhólaeyjar og Gjárinnar í Þjórsárdal sbr. lýsingu hér að ofan þann 19. og 21. apríl apríl 2023 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara svo hægt sé að skipuleggja eftirlit.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnafrýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðin.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tökurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki og það skal fara fram utan þess tíma sem flestir gestir eru á svæðinu.
- Flughraða skal haldið í skefjum svo fuglar hafi tækifæri til að forða sér þegar flogið er að fuglabjörgunum og meðfram þeim.
- Óheimilt er að hindra aðgang annara gesta að Gjánni en hægt er að biðja þá um að hinkra rétt á meðan flugið fer fram ef þeir hafa tök á því.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna yrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

Umhverfisstofnun bendir á að í kafla 5.6.1 í flughandbók ISAVIA er þeim tilmælum beint til flugmanna að fljúga ekki neðar en 1000 fet yfir fjölförnum ferðamannastöðum.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir, kvikmyndagerðar og/eða myndatöku er kr. **76.000**. sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 206/2023.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Ragnheiður Björk Sigurðardóttir

svæðissérfræðingur

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir

sérfræðingur